

## 4. gr.

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

## 5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárlíða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 272, 22. júní 1990.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. desember 1990.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

##### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsinu verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

#### II. KAFLI

##### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli . . . kr. 1 540,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli:

Til húshitunar . . . . .	kr. 53,00 pr. tonn.
Til annarra nota (með virðisaukaskatti) . . . . .	kr. 65,99 pr. tonn.

##### 4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) Fyrir mæla eða hemla allt að ¾" . . . . .	kr. 275,00	(kr. 342,38)
b) Fyrir mæla eða hemla 1"-2" . . . . .	kr. 550,00	(kr. 684,75)
c) Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri . . . . .	kr. 1 100,00	(kr. 1.369,50)

## 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

## 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

## 7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss utanmál (m <sup>3</sup> )	Heimæðargjald				
Allt að 400	81 000,00				
400– 2000	81 000,00	fyrir	400m <sup>3</sup> + 66,00 kr/m <sup>3</sup>		þar yfir
2000– 6000	186 700,00	fyrir	2 000m <sup>3</sup> + 54,00 kr/m <sup>3</sup>		þar yfir
6000–10000	404 000,00	fyrir	6 000m <sup>3</sup> + 48,50 kr/m <sup>3</sup>		þar yfir
Meira en 10000	596 800,00	fyrir	10 000m <sup>3</sup> + 41,80 kr/m <sup>3</sup>		þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 10 000,00 í aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

## 8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## III. KAFLI

## 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

## 10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum  
veldur . . . . . kr. 2 000,00 (2 490,00)  
hverju sinni.

## 11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

## IV. KAFLI

## 12. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1991, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildii felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 274, 22. júní 1990.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. desember 1990.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Gudrún Skúladóttir.*